

Sp.

758. Þingsályktun

[55. mál]

um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum.

(Afgreidd frá Sp. 7. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum, sem byggist á þeim grundvallaratriðum:

- að draga úr heildarneyslu vínanda,
- að stórauka skipulagðar rannsóknir, fræðslu og umræður um áfengismál,
- að auka stuðning við áhugamannasamtök um áfengismál,
- að skilgreina eðlilega meðferð áfengissjúklinga og kveða á um flokkun meðferðarstofnana,
- að leggja ríkisvaldinu, sem verklar með áfengi, þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu áfengis með fyrirbyggjandi starfi, t. d. fræðslustarfsemi, svo og að liðsinna þeim, er eiga við áfengisvandamál að stríða.

Tillögur um slíka heildarstefnumótun í áfengismálum verði unnar í samráði við heilbrigðisyfirvöld, Áfengisvarnaráð, samtök um áfengisvarnir og vandamál áfengisneytenda, svo sem Stórstúku Íslands, Samtök áhugamanna um áfengismál, AA-samtökin o. fl., löggæslu- og dómsmálayfirvöld, menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Læknafélag Íslands og aðra þá aðila sem afskipti hafa af dreifingu og sölu áfengra drykkja og meðferð áfengismála og vandamála áfengissjúklinga.

Tillögur þessar og greinargerð skal senda Alþingi í sérstakri skýrslu ásamt tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.